

Fundarsetning

Um 40 manns mættu á fundinn, fundur settur 20:00.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Kjör starfsmanna fundarins.

Jón Eyjólfsson er kjörinn fundarstjóri og Elisabeth Ýr kjörinn ritari fundar.

Enginn gerði athugasemd við fundarboð og er fundur því talinn rétt boðaður.

Skýrsla formanna borin fram.

Tveir formenn og tvær stjórnin störfuðu á seinasta starfs ári, og því var ákveðið að báðir aðilar skila inn skýrslu.

Fyrrverandi formaður Eyþór Gíslason fer fyrst með orðið: Starfsárið hefur gegnið vel, það voru haldin þorablót og kótilettukvöld, einnig var farið í að betrum bæta reiðvöllinn okkar, sett upp dren til þess að sporna við vatnssöfnun á vellinum sjálfum og gekk það vel.

Fjórðungsmótið var haldið og sendum við mjög flotta fulltrúa á það mót með góðum árangri og getum við verið stolt.

Einnig fór Eyþór með skýrslu mótanefndar en hana er að finna neðar í fundar gerð.

Haukur Þór fráfarandi formaður fær orðið, stjórnin hefur starfað í um hálft ár og strax eftir félagsfundinn var stefna stjórnar að huga að undirbúningi

Fjórðungsmótsins sem haldið var síðastliðið sumar, gekk það mjög vel og hrósar öllum þeim sem að komu að því. Mikið af verkefnum komu inn á borð stjórnar sem að unnið var og eru í vinnslu sem og færsla á dómskúr, stækkun anddyris í reiðhöllinni sem því miður hefur seinkað vegna þess að burðarþolsteikningar hafa ekki skilað sér, kynbótabraut, tekið til og gert fínt á svæðinu fyrir mót svo eitthvað má nefna.

Haukur bendir á að félagið okkar og vinnan sem að kemur að því er meira og minna bara sjálfboðaliða vinna og ef ekki fæst mannskapur til þess að leggja hönd á plóg mun starfið leggjast af og með þeim orðum hvetur hann félagsmenn til þess að haldast í hendur og hjálpast að, einnig vill Haukur þakka fyrir þær gjafir sem að félagið hefur fengið afhent og þá sérstaklega frá fjölskyldu Ollu í Nýja-Bæ heitinni en öll verðlaunin á Fjórðungsmótinu voru gefin í minningu hennar.

Haukur fer með hvatningarorð til félagsins, þakkar fyrir sig og fundur þakkar honum fyrir sína vinnu.

Gjaldkeri leggur fram reikninga félagsins til samþykktar, skoðaða og áritaða af skoðunarmönnum félagsins.

Gjaldkeri leggur fram reikninga

Rekstrarhalli félagsins var 84.315 kr. Samkvæmt efnahagsreikningi 30.09.2025 eru eignir félagsins 88.099.618 kr. skuldir 678.787 kr. og eigið fé 87.420.831 kr.

Sjá má ársreikninginn á heimasíðu félagsins.

Skýrslur nefnda.

Reiðveiganefnd Kolbeinn fer með skýrslu.

Mótanefnd Eyþór fór með skýrslu.

Hægt er að finna skýrslur inn á heimasíðu Borgfirðings.

Umræður um skýrslur stjórna, ársreikninga og skýrslur nefnda, ásamt afgreiðslu á ársreikningum.

Kristján Gíslason fær orðið, þakkar stjórnunum fyrir þeirra störf og þakkar nefndum fyrir unninn störf á liðnu ári. Talar um að eitt lítið hestafélag er orðið að heljarinnar batterí og finnst það jákvætt.

Haukur Bjarnarson fær orðið og tekur undir orð Kristjáns um vel unnin störf hjá félaginu, hann biður síðan um að fá betri sundurliðun á þessum 6 milljónum sem að fóru í að setja upp kynbótabrautina okkar.

Eyþór Gíslason fær orðið, sundurliðunin hljómar svo að þessar 6. milljónir fóru í efniskaup bæði í völl, reiðveg að brautinni, vegginn og vinnu verktaka.

Marteinn fær orðið, hann vill færa þakkir fyrir stjórnina, nefndirnar og fagnar vel unnin störf, Fjórðungsmótið heppnaðist vel og þakkar þeim sem að komu að því.

Reikningar voru samþykktir samhljóða.

Kynning á inngöngu nýrra félaga og úrsögn félagsmanna.

Um 30 nýskráningar og 8 úrsagnir, fleiri hafa verið sagðir úr félaginu en ekki var nákvæm tala gefin upp. Nokkrir aðilar voru skráðir úr félaginu sökum ógreiddra félagsgjalda.

Laga breytingar

Fundarstjóri kynnti tillögur að lagabreytingum – breytingin tekur til greina 6 og 11.

~~6. grein. Stjórn, kosningar – Falli brott.~~

~~„Stjórn félagsins skipa átta manns: formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og fjórir meðstjórnendur. Formaður er kosinn sérstaklega, til eins árs í senn, aðrir stjórnarmenn til tveggja ára, fjórir stjórnarmenn annað árið en þrír hitt árið. Verði stjórnarmaður kosinn formaður á miðju kjörtímabili sínu skal kjósa annan í hans stað til eins árs. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund.~~

6. grein Ný grein

Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi og skipuð fimm aðalmönnum; formanni, ritara, gjaldkera, varaformanni og meðstjórnanda. Jafnframt skal á aðalfundi kjósa þrjá varamenn, sem taka sæti aðalmanna á stjórnarfundum í forföllum aðalmanna. Sá varamaður sem hlýtur flest atkvæði er 1. varamaður o.s.frv. Stjórnarfundur er aðeins ályktunarhæfur ef meirihluti stjórnar, þrír fulltrúar, taki þátt í fundinum. Formaður er kosinn sérstaklega til eins árs í senn og aðrir aðalstjórnarmenn til tveggja ára í senn. Stjórn skal skipta með sér verkum innan 10 daga frá kosningu. Verði stjórnarmaður kosinn formaður á miðju kjörtímabili sínu skal kjósa annan í hans stað til eins árs. Varastjórn er kosin til eins árs í senn. Varastjórnarmönnum er heimilt að sitja stjórnarfundum.

Á aðalfundi skal kjósa til eins árs í senn, tvo skoðunarmenn og tvo til vara, til að yfirfara reikninga félagsins. Skoðunarmenn þurfa ekki að vera félagar í félaginu.

Kosningar skulu vera skriflegar ef tillaga kemur fram um fleiri en kjósa skal.

Komi til þess að formaður hverfi úr stjórn og varaformaður ekki reiðubúinn að taka við hans starfi, skal boðað til almenns félagsfundar sem kys nýjan formann fram að næsta aðalfundi. Eins skal farið að ef meirihluti stjórnar og varastjórnar segir af sér. Félagsfundur skal þá boðaður af eftirsitjandi stjórnarmönnum. Félagið skal ekki vera án formanns eða fullskipaðrar stjórnar lengur en tvær vikur.

Kjörgengi til stjórnar og skoðunarmanna hafa félagar sem náð hafa 18 ára aldri.

Kristján Gíslason fær orðið og telur það sé löggu tímabært að bera fram þessa tillögu og styður hana.

Tillaga til breytingar á 6. grein var svo samþykkt samhljóða.

Tillaga 11.greinar

~~Aðalfundur ákveður fjölda nefndarmanna hverju sinni.~~

Stjórn skal gera tillögu til aðalfundur um lágmarksfjölda félaga í hverri nefnd hverju sinni.

Haukur Bjarnason leggur fram hvort betra væri að orða tillögu sem svo að frekar að stjórn leggur fram tillögu til lágmarksfjölda nefndar að hverju sinni.

11. Grein Samþykkt samhljóða

Kosning stjórnar, varastjórnar, skoðunarmanna og nefnda.

Tilnefning til formanns er Kristján Gíslason - Samþykkt samhljóða.

Tilnefning til stjórnar manna til 2 ára Heiðadís Fjeldsted og Þorsteinn Hjaltason - Samþykkt samhljóða.

Tilnefning til stjórnar manna til 1 árs Elisabeth Ýr E. og Ísólfur Ólafsson - samþykkt samhljóða

Tilnefning til varastjórnarmanna Þordís Fjeldsted, Valdimar Reynisson, Jón Halldórsson, Sigríður Ása Guðmundsdóttir.

Gengið var til skriflegrar atkvæðagreiðslu.

Niðurstaða kosningar varastjórnarmanna

Þordís Fjeldsted – 42 atkvæði

Sigríður Ása - 39 atkvæði

Valdimar Reynisson – 34 atkvæði

Skoðunarmenn : Jón Haraldsson og Helgi Helgasson

Varaskoðunarmenn : Rósa Björk Jónsdóttir og Haukur Þór Hauksson

Æskulýðsnefnd :Heiða Dís Fjeldsted, Harpa Sigríður Magnúsdóttir, Gro Jorun Hansen

Mótanefnd :Eyþór Gíslason, Ásdís Eva Halldórsdóttir, Elisabeth Ýr Egilsdóttir, Vibekke Thorsen, Oddur Björn Jóhannsson

Reiðveganefnd : Sveinbjörn Eyjólfsson, Kolbeinn Magnússon, Reynir Magnússon, Davíð Sigurðsson, Halldór Sigurðsson.

Umhverfis- og vallarnefnd : Reynir Magnússon, Steinunn Árnadóttir, Valdimar Reynisson, Ísólfur Ólafsson

Húsnefnd Félagsheimilis : Ingibjörg Marteinsdóttir, Halldóra Harðardóttir, Auður Ásta Þorsteinsdóttir.

Skemmtinefnd : Þorsteinn Hjaltason, Baldur Pétursson, Inga Berta Bergsdóttir.

Beitarnefnd : Ólafur Þorgeirsson, Sævar Þórisson, Sigurður Örn Sigurðsson

Fræðslunefnd : Denise Weber, Randi Holaker, Þordís Fjeldsted, Vibeke Thoresen.

Reiðhallarnefnd : Guðjón Jónasson, Halldór Ingi Jónsson, Þórður Sigurðsson, Jómundur Rúnar Ingibjartsson, Sævar Hafsteinsson

Laganefnd : Rósa Björk Jónsdóttir, Sigurður Oddur Ragnarsson, Gíslína Jensdóttir

Ákvörðun um félagsgjöld og hagagjöld

Félagsgjald tillaga er um að félagsgjald verði 18þús. og aðgangur að reiðhöll er frír eftir klukkan 16:00 virka daga og um helgar, og atvinnumenn og aðrir borga fyrir aðgang skv. Gjaldskrá í reiðhöll ef þeir vilja nota hana fyrir 16:00.

Tillaga kom frá fundi að hækka upp í 20.þ?

Kristján fékk orðið og sagði að það þyrfti að skoða vel að þessi tillaga stæði undir sér þegar kom að rekstri reiðhallarinnar, en að engu síður er þetta góð tillaga og gæti hjálpað verulega að draga fólk að reiðhöllinni.

Halldór Ingi fékk orðið og var ekki svo sammála um að frían aðgang að reiðhöllinni, hafði áhyggjur af því að þetta myndi ekki svara kostnaði og að umgangur á reiðhöll yrði mögulega verri heldur er nú þegar og bendir félagsmönnum að það megi ganga betur um.

Marteinn fékk orðið og mælir gegn tillögu, segir að þetta muni falla um sjálft sig og ekki vera nóg til þess að reka reiðhöllina og spyr fundinn hvort við séum tilbúin að prufa þessa tilraun.

Ólafur Flosa finnst að það þyrfti þá að hækka félagsgjaldið enn meira ef það á að vera hægt að reka reiðhöllina, en að engu síður er þetta góð tillaga og mun vonandi efla aðsókn að reiðhöll

Haukur Bjarnason fékk orðið og er sammála þessar tillögu, þetta mun efla alla í hverfinu og nær sveitum um að mæta og nota reiðhöllina en meira.

Tillagan um 18. þús. króna árgjald er samþykkt með meiri hluta atkvæða.

Hagabeitin, tillaga komin um að gjöldin að hagabeit verði sú sama : sumarbeit kr. - 4500, Haust kr. - 4000 og heilt ár kr. - 7000.

Marteinn fær orðið, hann segir til um að gjöldin hafa ekki verið breytt síðan 2021 og telur það vera mikið tap að hækka ekki gjöldin og leggur fram breytingartillögu um að hækka gjöldin upp um 20%

Tillagan er felld með 14 atkvæðum á móti 8

Tillaga um að halda beitargjöld eins og þau eru er samþykkt samhljóða.

Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár skal lögð fram af fráfarandi stjórn.

Skýrsla frá gjaldkera :

<https://mail.google.com/mail/u/0?ui=2&ik=f012adbb6a&attid=0.2&permmsgid=msg-f:1850332079687256278&th=19adb3391644c8d6&view=att&zw&disp=inline>

Fjárhagsáætlun er samþykkt samhljóða.

Önnur mál sem félagið varðar.

Marteinn fær orðið, fram hefur komið á fundi að talað hefur verið um að þurfi að fara yfir lögina og uppfæra og breyta, og spyr hann fundinn um að opna umræðuna um hvaða lög það eru sem að þurfi að breyta.

Haukur Þór fær orðið dæmi um lög sem má athuga er t.d. aldurstakmark félagsgjalda þyrfti að fella. Lög um nefndir og fleira.

Kristján Gísli fær orðið, segir að það ætti að fara yfir lög félagsins á um það bil 10 ára fresti og finnst eitt og annað megi rýna í.

Haukur Þór fráfarandi formaður fær orðið og þakkar fyrir sig og fundar þakkar fyrir hann og hans vel unnin störf.

Nýkosinn formaður Kristján Gíslason fær orðið, þakkar fyrir traustið sem að honum er sýnt. Það er margt sem að er fyrir stafni fyrir komandi vinnuár hjá félaginu, þar á meðal heimamót sem og Landsmót sem að haldið verður næsta sumar 2026.

Kristján fer með hvatningarorð til félagsmanna og slítur fundinum 22:13.

